



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2014

12. nóvember 2014

Íslendingar láta sér annt um íslenskt mál og leggja áherslu á mikilvægi þess að vernda tunguna fyrir ágangi erlendra mála og halda í sérkenni hennar. Ágangur ensku hefur mikil áhrif á íslensku; hann veldur ekki einungis breytingum á málkerfinu heldur sækir enska að tilteknum umdæmum málsins. Óttinn um afdrif tungumálsins er ekki ástæðulaus. Veruleg hættu er á því að það verði undir í samkeppni við ensku.

Ekki er síður mikilvægt að huga að réttindum þeirra sem tala íslensku til að hugsa og tala á móðurmáli sínu. Það er meðal annars rétturinn til að tjá sig, læra, vinna, njóta lista og menningar á íslensku, leita réttar síns og nota málið á öllum sviðum samfélagsins. Þróun lýðræðis í landinu er háð því að þegnarnir séu sem hæfastir málnotendur.

Nauðsyn þess að tryggja að íslenska verði notuð og nothæf á öllum sviðum íslensks samfélags var kjarninn í íslenskri málstefnu sem Íslensk málnefnd afhenti menntamálaráðherra á degi íslenskrar tungu 2008 og Alþingi samþykkti sem þingsályktun 12. mars 2009. Samþykkt íslenskrar málstefnu var stórt skref og í kjölfarið hefur ýmislegt verið gert til að styrkja stöðu tungunnar í samfélaginu. Meðal annars hefur verið sett málstefna fyrir stjórnarráðið. Fjölmargt er þó enn ógert og mörg þeirra verkefna þola alls enga bið.

Staðan

Íslenskt mál var fest í lög sem opinbert tungumál á Íslandi 2011 (Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011). Samkvæmt þeim er íslenska þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi (1. gr.). Lögin voru stór áfangi í verndun tungunnar því að þar með var staða hennar skilgreind í fyrsta sinn. Lögin eru ekki síður mikilvæg fyrir landsmenn, notendur málsins, því að með þeim er réttur þeirra til að nota íslensku á öllum sviðum samfélagsins viðurkenndur enda ber stjórnvöldum, samkvæmt annarri grein laganna, að tryggja að unnt verði að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita og efla íslenska tungu og þau skulu sjá til þess að hún sé notuð (5. gr.). Þetta ákvæði styrkir enn rétt Íslendinga til að nota þjóðtunguna, ríki og sveitarfélögum er skylt að gera landsmönnum það kleift.

Íslenska er tungumálið sem notað er til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Mismikil áhersla er lögð á það í aðalnámskrám þessara skólastiga. Áhersla á tungumálið sem kennslumál er lítil sem engin í leikskólum og framhaldsskólum. Aðalnámskrá grunnskóla segir að nemendur eigi við lok náms að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotendur. Það er á ábyrgð hvers og eins að rækta og nýta málið í námi, samskiptum og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í aðalnámskrá er jafnframt lögð áhersla á rétt hvers manns til að öðlast færni og þekkingu á máli og mælt svo fyrir að grunnskólar setji sér málstefnu. Það geta allir skólar á öllum skólastigum gert þótt námskrár kveði ekki á um það. Ekki er vitað til þess að menntamálayfirvöld, hvorki sveitarfélög né ríki, hafi gengið eftir því að skólar setji sér málstefnu.

Skólakerfið hefur ekki farið varhluta af upplýsingabyltingunni og tölvur og snjalltæki gegna vaxandi hlutverki í námi. Íslensk námsgagnagerð fyrir rafræna miðla hefur ekki haldið í við rafrænu byltinguna og er langt frá því að nemendur eigi kost á rafrænum námsgögnum á íslensku í öllum námsgreinum. Auk þess stuðlar viðmót á ensku í tölvum og snjalltækjum að því að nemendur líti á ensku sem samskiptamál í rafrænum miðlum. Sú mikla og stöðuga enskunotkun hefur áhrif á tungutak nemendanna og getur haft í för með sér umdæmissmissi og komið í veg fyrir að íslenska verði gjaldgeng á þeim vettvangi, auk þess sem hún hefur áhrif á form málsins. Þar með er réttur Íslendinga til að nota þjóðtunguna á öllum sviðum fyrir borð borinn. Samkvæmt könnun sem birtist í ritinu *Íslensk tunga á stafrænni öld* fyrir tveimur árum stendur íslenska næstverst allra opinberra tungumála í Evrópu á sviði stafrænnar upplýsingatækni. Mikilvægi upplýsinga- og tölvutækni við að afla upplýsinga, eiga samskipti og létta mönnum lífið á ýmsan hátt fer sífellt vaxandi. Jafnframt fer hlutverk tungumálsins í stjórn tölva og tölvustýrðra tækja ört stækkandi. Það eru sjálfsgöð mannréttindi allra að geta nýtt sér tæknina á móðurmálinu. Við berum ábyrgð á því að tryggja að íslenska standi jafnfætis öðrum tungumálum í hinni hröðu þróun tölva- og upplýsingatækninnar; þeirri ábyrgð getum við ekki velt yfir á aðra. Í framhaldi af samþykkt þingsályktunartillögu síðastliðið vor hefur nú verið skipuð nefnd til að semja aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni. Nefndin á að skila álit í lok ársins en eigi slík aðgerðaáætlun að verða til einhvers gagns þarf vitaskuld að fylgja henni eftir með verulegum fjárveitingum á næstu árum.

Á sviði menningar er ljóst að mikil gróska er um þessar mundir í leikritun á íslensku og atvinnuleikhúsin keppast við að sýna sem flest ný íslensk leikverk á hverju ári. Á þessu leikári eru eingöngu frumsýnd verk eftir íslensk leikskáld í Þjóðleikhúsinu. Íslensk dagskrárgerð í sjónvarpi er í sókn. Um árabíl hefur Stöð 2 frumsýnt eina eða fleiri leiknar íslenskar þáttaraddir á ári við miklar vinsældir og RÚV hefur eftt sýningar á íslenskum fræðslu- og heimildarþáttum auk þess sem leiknu íslensku efni vex þar fiskur um hrygg. Sala á íslenskum bókum hefur dregist saman um 19% frá árinu 2008 eins og kemur fram í umsögn frá Félagi íslenskra bókaútgefenda til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um virðisaukaskatt. Útlit er fyrir að virðisaukaskattur á bókum verði hækkaður og það veit ekki á gott fyrir íslenska bókaútgáfu. Allmargar íslenskar kvikmyndir hafa verið frumsýndar á árinu en styrkir til

Íslenskrar kvikmyndagerðar voru skornir niður um tæplega helming á síðasta ári og því má búast við að íslenskum kvikmyndum fari fækkandi.

Af þessu má sjá að lagaumhverfið tryggir landsmönnum réttinn til þess að nota móðurmál sitt, þjóðtunguna, á öllum sviðum samfélagsins. Stjórnvöld sinna aftur á móti ekki nægilega vel því lögbundna hlutverki sínu að sjá til þess að það sé mögulegt. Lítil sem enginn þrýstingur er á hið opinbera og einkaaðila að hlíta lögnum og á meðan svo er vex hættan á að umdæmi tapist með tilheyrandi skerðingu á réttindum landsmanna.

Horfurnar

Íslenska er ekki á valista Sameinuðu þjóðanna yfir tungumál í útrýmingarhættu þótt fáir tali hana. Ein meginástæða þess er sterk staða hennar í íslensku samfélagi núna og lagaumhverfi sem talið er styrkja hana í sessi, enda er hún opinbert mál í landinu og þjóðtunga landsmanna. Þar með er ekki sagt að björninn sé unninn því að staða tungunnar getur breyst til hins verra á mjög skömmum tíma. Stjórnvöld mega ekki sofna á verðinum; þeim ber lagaleg skylda til að sjá til þess að málið sé nothæft og notað á öllum sviðum. Yfirþyrmandi framboð efnis á ensku og krafa um að enska sé notuð á mörgum sviðum samfélagsins veldur þrýstingi á mál og málnotendur sem erfitt er að standast. Verði ekki brugðist skjótt við má ætla að umdæmi tapist fyrr en varir.

Ef ekki verður brugðist við upplýsingatæknibyltingunni má búast við að rafrænt námsefni á ensku verði ráðandi á kostnað íslensks. Að auki verði notendaviðmót á ensku í tölvum og tækjum sem notuð eru við kennslu. Íslenska er þá ekki lengur það mál sem nám barna í grunn- og framhaldsskólum, og jafnvel að einhverju leyti í leikskólum, fer fram á. Þar með er hætta á að mjög mikilvægt umdæmi tapist. Ef íslenskt mál situr eftir í upplýsingatæknibyltingunni verður á endanum ekki hægt að nota það á mjög yfirgripsmiklu sviði samfélagsins, ekki eingöngu í skólakerfinu heldur alls staðar þar sem tölvur og tækni koma við sögu.

Á flestum sviðum íslenskrar menningar er mikil gróska. Leikritun og framleiðsla á leiknu sjónvarpsefni virðist til dæmis blómstra. Íslensk kvikmyndagerð á aftur á móti undir högg að sækja og hætta er á að með skertum fjárframlögum muni íslenskum kvikmyndum fækka mjög í framtíðinni. Róðurinn er líka þungur í innlendri bókaútgáfu því að bóksala hefur dregist saman um fimmtung á fimm árum. Útlit er fyrir að sala á innlendum bókum dragist enn meira saman verði virðisaukaskattur á þær hækkaður. Innlend dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi verður enn minni að umfangi ef svo fer sem horfir. Í stuttu máli má búast við að þrýstingur ensku á íslenskt samfélag verði sífellt meiri verði ekkert að gert.

Aðgerðir

Stjórnvöld verða að bregðast við áður en í meira óefni er komið. Það má til dæmis gera með því að styrkja stöðir íslensku í menntakerfinu. Í því sambandi er afar brýnt að efla íslenskumenntun kennara í leikskólum og grunnskólum. Þarft væri að marka skólakerfinu á öllum stigum málstefnu þar sem meðal annars væri fjallað um námsumhverfi, náms-

gögn og viðmót í tölvum og snjalltækjum. Yfirvöld menntamála þyrftu að fylgja þeirri málstefnu fast eftir. Efla þarf máltækni til mikilla muna, meðal annars svo að íslenska verði samkeppnishæf við ensku í umhverfi nemenda en ekki síður í almennu og sérhæfðu umhverfi allra sem nota tölvur og snjalltæki við leik og störf. Vinna þarf að því að öllum þyki sjálfsagt að velja íslensku fram yfir ensku í rafrænu umhverfi.

Það er afar brýnt að efla námsefnisgerð og þýðingar á námsefni á íslensku þannig að nemendur í grunn- og framhaldsskólum fái fullnægjandi námsefni á því máli sem þeir þekkja best. Einnig er brýnt að notendaviðmót allra þeirra tækja sem notuð eru við kennslu sé á íslensku.

Stjórnvöld verða að átta sig á því að ekki verður lengur undan því vikist að leggja fé og tíma í að efla íslenska máltækni því að hún verður ekki hrist fram úr erminni. Brýnt er að hraða stefnumótun og aðgerðaáætlun sem hrint verði í framkvæmd hið allra fyrsta.

Nauðsynlegt er að hlúa að menningu og listum eins og kvikmyndagerð, bókaútgáfu, innlendra dagskrárgerð fyrir sjónvarp og leikritun því að það er mikilvæg leið fyrir málnotendur til að efla máltilfinningu sína og styrkja sig sem málnotendur. Jafnframt er það réttur þeirra að fá að njóta menningar og lista á eigin máli. Í stað þess að lækka fjárframlög og skera niður styrki til listamanna er mikilvægt að bæta í og gera það mögulegt að lifa af listinni. Ríkisútvarpinu ber lagaleg skylda til að standa vörð um íslenska tungu og menningu. Öflug leið til þess er að standa myndarlega að dagskrárgerð á íslensku fyrir sjónvarp. RÚV er sligað af skuldabyrði og stjórnvöld taka til sín fimmtung af útvarpsgjaldinu sem myndi duga félaginu til að standa undir sér og auka innlenda dagskrárgerð til mikilla muna og samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 (bls. 227) verður útvarpsgjald lækkað sem því nemur 2016 þegar Ríkisútvarpið fær allt gjaldið í sinn hlut. Efling dagskrárgerðar með áherslu á íslenskt mál og menningu er leið sem íslenskir fjölmiðlar geta valið til mót-vægis við stöðugan straum afþreyingarefnis á ensku um erlendar efnisveitur.

Stjórnvöldum ber skylda til að virða rétt landsmanna og sýna í verki vilja sinn til að gera þeim kleift að nota íslensku á öllum sviðum samfélagsins, efla hana og ýta undir hana til þess að þeim rétti sé mætt. Þau þurfa að framfylgja þeirri málstefnu sem Alþingi samþykkti fyrir réttum fimm árum.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla greinasvið. 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneyti:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingímsson. 2012. *Íslensk tunga á stafrænni öld*. Springer. http://www.malfong.is/Malthing/icelandic_lwp.pdf
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014. <http://www.althingi.is/altext/143/s/pdf/0001.pdf>
- Leiklistarlög nr. 138/1998 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998138.html>
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaáhrif. 61/2011:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>
- Umsögn frá Félagi íslenskra bókaútgefenda vegna laga nr. 50/1988:
<http://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-55.pdf>
- Þjóðleikhúsið leikárið 2014–2015: <http://www.leikhusid.is/Syningar/leikarid-2014-2015>